

Flokkahópur jafnaðarmanna

Norræna velferðarnefndin

Norræna velferðarnefndin leitaði fyrir hönd Flokkahóps jafnaðarmanna eftir umsögn Landsstamtakanna Geðhjálpar um þingmannatillögu um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum (merkt **A völfärd**).

Um mitt ár 2018 skilaði starfshópur, sem fulltrúi Geðhjálpar átti sæti í, tillögum um aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi.¹

Starfshópurinn segir í inngangi að aðgerðaráætluninni:

„Tillögurnar eru settar fram í sex liðum án sérstakrar forgangs röðunar enda er litið svo á að þær styðji hver við aðra til þess að árangur náist til lengri tíma. Þrátt fyrir að brýnast sé að aðgerðir sem snúa að sérstökum áhættuhópum komist til framkvæmda sem allra fyrst telur hópurinn að aðgerðir undir öðrum liðum áætlunarinnar séu ekki síður nauðsynlegar til þess að varanlegur árangur náist. Tillögurnar taka mið af æviskeiðinu í heild og byggja á gagnreynðum aðferðum, fyrirbyggjandi vinnu á sviði heilbrigðis, mennta- og félagsmála hér á landi og reynslu nágrannaþjóðanna af árangursríkum sjálfsvígsforvörnum. Aðgerðirnar byggja jafnframt á þeim skilningi að áhættu- og verndandi þættir sjálfsvíga þróist yfir langan tíma í lífi einstaklinga og liggi ekki síður í samfélagslegum þáttum á borð við fjölskyldu- og félagstengslum, menntun og atvinnu.“

Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Eflingu geðheilsu og seiglu í samfélaginu
2. Gæðaþjónustu á sviði geðheilbrigðis
3. Takmörkun á aðgengi að hættulegum efnum, hlutum og aðstæðum
4. Aðgerðum til að draga úr áhættu meðal sérstakra áhættuhópa
5. Stuðningi við eftirlifendur
6. Eflingu þekkingar á sviði sjálfsvíga og sjálfsvígsforvarna

Þessar tillögur falla vel að þingmannatillögu þeirri sem hér er til umsagnar. Landssamtökin Geðhjálp hvetja þingmenn til þess að kynna sér aðgerðaráætlunina með það fyrir augum að vinna tillögu sinni enn frekara brautargengi. Árangursríkar sjálfsvígsforvarnir verða vart metnar til fjár og því skiptir miklu máli að setja þær í enn frekari forgang á Norðurlöndunum.

Landssamtökin Geðhjálp fagna þingmannatillögu flokkahóps jafnaðarmanna og telja hana mikilvæga. Geðhjálp hvetur jafnframt þingmenn norrænu þinganna til þess að horfa fyrst og síðast til notenda þjónustu heilbrigðis- og félagslega kerfisins þegar stefna og sýn er mótuð fyrir hvert land fyrir sig og löndin í heild. Það er of ríkt í allri vinnu innan þessara kerfa að horfa á málin með augum veitenda þjónustunnar í stað notenda.

Viðringarfyllst, fyrir hönd Geðhjálpar

Einar Þór Jónsson, formaður



¹ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=77110b10-4f85-11e8-942b-005056bc530c>